

# REGLUR

## um fyrirgreiðslu Seðlabanka Íslands við viðskiptavaka.

1. Aðili að Verðbréfaþingi Íslands, sem hefur gengist undir skilgreiningu þingsins á viðskiptavaka í tilteknum flokki eða flokkum ríkisskuldabréfa eða ríkistryggðra verðbréfa, sem skráð eru á þinginu, og áformar að sinna áfram hlutverki viðskiptavaka fyrir þau bréf, á þess kost að fá fyrirgreiðslu hjá Seðlabanka Íslands í því formi að selja bankanum bréf úr þeim flokki eða flokkum með skilmálum sem lýst er nánar hér á eftir.
2. Þingaðili og Seðlabanki Íslands skulu gera sérstakan samning um fyrirgreiðsluna í hvert sinn þar sem fram koma m.a. eftirtalin atriði:
  - a. Lýsing á bréfunum sem Seðlabankinn kaupir af þingaðilanum og þingaðilinn endurkaupir innan tiltekinn tímamarka. Í lýsingunni komi m.a. fram heiti bréfanna og samanlagt nafnverð.
  - b. Kaupdagur Seðlabankans og endurkaupadagur þingaðilans. Tíminn þar á milli sé mest 45 dagar. Ekki skal kaupa verðbréf sem eru með gjalddaga á því tímabili sem samningurinn gildir.
  - c. Kaupverð Seðlabankans og endurkaupaverð þingaðilans. Kaupverðið skal vera 5% lægra en lægsta kaupverð bréfanna á samningsdegi skv. tilboðum á Verðbréfaþingi Íslands. Endurkaupaverðið ræðst af kaupverðinu og föstum vöxtum sem skulu vera þeir sömu og gilda við endurhverf ríkisvixlakaup Seðlabankans til 10 daga að viðbættu 0,5% álagi.
  - d. Ákvæði um að Seðlabanki eigi rétt á að selja verðbréfin fyrir eigin reikning, verði ekki staðið við endurkaup þeirra á tilgreindum endurkaupadegi.
  - e. Yfirlýsing þingaðila um að hann muni að jafnaði kaupa og selja umrædd bréf og að hann muni opinbera það með eins mánaðar fyrirvara ef hann hyggst hætta því.
3. Fyrirgreiðslan við hvern og einn þingaðila er háð eftirgreindu hámarki:
  - a) Í hverjum mánuði skal samanlagt kaupverð Seðlabankans ekki vera meira en 200 m.kr. og þó ekki meira en sem svarar helmingi þess sem þingaðilinn hefur keypt af verðbréfum, skv. 1. gr. undangengna sex mánuði, enda komi þau kaup fram í viðskiptum tilkynntum Verðbréfaþingi Íslands.
  - b) Á einu ári skal fyrirgreiðslan ekki vera meiri en svo að margfeldi fjárhæðar og tíma verði í mesta lagi 1000 þar sem með fjárhæð er átt við kaupverð skv. 2.c. í m.kr. og með tíma er átt við tímann milli kaupdags og endurkaupdags skv. 2.b. í mánuðum talið.

Reglur þessar, sem settar eru með tilvísun til 11. greinar laga nr. 36 frá 5. maí 1986 um Seðlabanka Íslands, taka gildi 1. september 1995. Jafnframt falla úr gildi reglur um fyrirgreiðslu Seðlabankans við viðskiptavaka frá 8. nóvember 1993. Reglurnar eru breytanlegar án fyrirvara.

*Reykjavík, 31. ágúst 1995.*

**Seðlabanki Íslands,**

*Birgir Ísleifur Gunnarsson.*

*Eiríkur Guðnason.*

*Steingrímur Hermannsson.*